



## Mikil aukning í kortaveltu innanlands

Kortavelta Íslendinga innanlands jókst talsvert í júní. Færri utanlandsferðir gætu haft í för með sér aukna neyslu innanlands í sumar.

### Viðsnúningur frá síðustu mánuðum

Seðlabanki Íslands birti nýverið gögn um veltu innlendra greiðslukorta í júní.<sup>1</sup> Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 78,6 mö.kr. og jókst hún um 17% milli ára miðað við fast verðlag sem er veruleg aukning og viðsnúningur frá þróun síðustu mánaða. Í mars og apríl mældist samdráttur milli ára og í maí mældist aukning upp á 2% þegar fyrstu tilslakanir á samkomubanni tóku gildi. Niðurstöður júnímánaðar benda til þess að Íslendingar virðast margir hverjir ætla gera nokkuð vel við sig í sumarfríinu innanlands og gæti neysla innanlands orðið meiri en í fyrri sumarfríum.


### Samdrætti í kortaveltu erlendis mætt með aukinni neyslu innanlands

Greiðslukortavelta Íslendinga erlendis nam alls tæpum 7,8 mö. kr. í júní, sem er svipað og hefur mælst á síðustu mánuðum frá því að Covid-19-faraldurinn skall á og utanlandsferðir urðu afar fáar. Samanlagt nemur greiðslukortavelta Íslendinga í júní rúmlega 86 mö.kr. sem er mjög áþekkt þeirri veltu sem mældist í júní fyrir ári síðan, eða aðeins 0,1% minni miðað við fast verðlag og fast gengi. Það má því segja að Íslendingar hafi bætt sér upp færri utanlandsferðir, og því sem þeir hefðu eytt erlendis, með aukinni neyslu innanlands. Höggið af Covid-19 verður því ef til vill ekki jafn mikið á neyslu Íslendinga innanlands og gera hefði mátt ráð fyrir í upphafi, og heldur minna en samdrátturinn erlendis.

### Kortavelta erlendis dróst saman um 63% á öðrum ársfjórðungi, jókst innanlands


Ef litið er til þróunar í greiðslukortaveltu í heild sinni á öðrum ársfjórðungi sést að samdrátturinn mælist nokkuð mikill eða 12% milli ára að raunvirði. Samdrátturinn er tilkominn vegna kortaveltu

#### Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

#### Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

<sup>1</sup> Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.




erlendis sem dróst saman um 63% miðað við fast gengi og fór úr því að vera rúm 20% kortaveltunnar niður fyrir 10%. Kortavelta innanlands jókst hins vegar á öðrum ársfjórðungi um 2% milli ára miðað við fast verðlag, til samanburðar mældist samdráttur upp á 1% á fyrsta fjórðungi ársins.

### ***Bjartsýni jókst í júní, en minnkar aftur í júlí***

Væntingavísitala Gallup mælir viðhorf fólks til efnahags- og atvinnuástandsins, miðað við núverandi stöðu og einnig til framtíðar. Líkt og gefur að skilja lækkaði vísitalan talsvert milli mánaða allt frá áramótun fram í apríl þegar hún mældist 44 stig og hafði ekki verið lægri síðan í október 2010. Væntingar fóru svo að glæðast og mældist vísitalan tæp 78 stig í júní sem er svipuð staða og var á fyrstu mánuðum árs áður en Covid-19-faraldurinn fór að gera vart við sig. Nú í júlí mælist svo aftur samdráttur þar sem væntingar hafa lækkað og mælist vísitalan um 52 stig. Þá hafa væntingar til næstu 6 mánaða lækkað eftir talsverða hækkun í maí og júní.

Það kann að vera að fjölgun innanlandssmita undir lok júní hafi aukið á svartsýni meðal fólks, hvort það hafi áhrif á neyslu júlímánaðar á þó enn eftir að koma í ljós. Gera má ráð fyrir því að ferðalög fólks innanlands verði áfram mikil, jafnvel meiri en í júní, og kortavelta eftir því.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.